



Alþingi
Erindi nr. P 139/887
komudagur 28.1.2004

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga hefur á fundi sínum 14. jan. s.l. tekið til umfjöllunar þau mál sem borist hafa frá Alþingi á síðustu vikum og óskað er eftir umsögn um.

Hér fara á eftir þær ályktanir sem stjórnin gerði og sendast þær hér með.

31. mál.

Tillaga til þingsályktunar um vernd og sjálfbæra nýtingu lífvera á hafsbotni.

Stjórn F.V. varar við einhliða friðun án undangenginna rannsókna. Stjórn F.V. telur að fyrst þurfi að fara fram rannsóknir og niðurstöður þeirra skuli liggja til grundvallar hugsanlegri friðun svæða á hafsbotni. Stjórn F.V. getur því ekki mælt með tillögunni eins og hún liggur fyrir.

Stjórn F.V. hvetur hins vegar til þess að rannsóknir á lífríki hafsins séu elfdar svo sem kostur er.

24. mál.

Tillaga til þingsályktunar um stofnun stjórnsýsluskóla.

Stjórn F.V. mælir með tillögunni. Jafnframt bendir stjórnin á þau tilmæli í Byggingáætlun Vestfjarða að séu settar á fót nýjar stofnanir á vegum hins opinbera skuli þeim fundinn staður á landsbyggðinni.

Með stofnun háskólaþess á Ísafirði væri hægt að fá því verkefni á borð við það sem tillagan gerir ráð fyrir.

35. mál.

Tillaga til þingsályktunar um eflingu félagslegs forvarnarstarfs.

Stjórn F.v. mælir með tillögunni og telur að fyllsta ástæða sé til að styðja við aukið forvarnarstarf.

91. mál

Frumvarp um breytingu á lögum um tekjuskatt og eignarskatt.

Stjórn F.V. tekur ekki afstöðu til frumvarpsins en telur þörf á samræmingu reglna um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga þar sem þær reglur eru afar mismunandi milli sveitarfélaga.

45.mál.

Tillaga til þingsályktunar um aðgerðir gegn ójafnvægi í byggðamálum.

Stjórn F.V. tekur undir að samræma þarf byggðaaðgerðir og vinna að þeim eftir fyrirframgerðum áætlunum. Stjórnin minnir á vestfirska byggðaaáætlun og nauðsyn markvissra aðgerða.

30.mál.

Frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnrlögum.

Stjórn F.V. telur ekki tímabært að setja reglur um lágmarksfjölda íbúa meðan nefnd er að störfum á vettvangi Sambands sveitarfélaga sem vinnur að tillögum um stækkun sveitarfélaga .

Mál 307.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 með síðari breytingum.

Stjórn F.V. telur að heildarsamræmingu þurfi á réttindum og skyldum allra starfsmanna bæði í opinberri þjónustu og einkarekstri. Á þessu stigi sé því ekki rétt að taka eitt atriði út úr lögnum.

X Mál 306.

Frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum á orkusviði.

Stjórn F.V telur eðlilegt að samræmi sé milli fyrirtækja í greiðslu fasteignaskatta
Stjórn F.V. telur það horfa til bóta að orkufyrirtækin greiði fasteignaskatt af húseignum eins og önnur fyrirtæki.

Mál 305.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr.78/2002 um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar.

Stjórn F.V. styður afgreiðslu frumvarpsins þar sem hér er um að ræða hækkun á stofnstyrkjum til að koma á fót hitaveitu til húshitunar.

Þannig bókað á fundi í stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga 14. janúar 2003.

Virðingarfyllt.

Ísafirði 15. janúar 2003.

F.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga



Aðalsteinn Óskarsson.